



## Fundargerð

Stjórn SSA mánudag 2. nóvember 2009 kl. 15.00.

Fundarstaður Fjarðahótel Reyðarfjörður .

Mætt eru : Bj. Hafþór Guðmundsson , Páll Baldursson, Valdimar O. Hermannsson , Iris Valsdóttir , Guðmundur Ólafsson , Ólafur Sigurðsson og Anna P.Víglundsdóttir í stað Ólafs Ármannssonar . Framkvæmdastjóri er mættur.

### 1. Fundur settur.

Formaður bauð stjórnarmenn velkomna og síðan var gengið til fyrirbyggjandi dagskrár.

### 2. Fundargerðir stjórnar SSA -24. sept 2009 og -26. sept 2009.

Fundargerðirnar staðfestar.

### 3. Frá Landshlutasamtökum sveitarfélaga .

3/1FV: Fundargerð 17.09.09.

Fundargerðin lögð fram.

3/2 Fundur form. og framkvæmdastjóra LHSS 30. sept. 2009.

Formaður sagði frá því helsta sem fram fór á fundinum.

Niðurstöður “Hólmfríðarnefndar” um hlutverk landshlutasamtakanna voru til umræðu. Einnig gerð Sóknaráætlana og aðkoma Landshlutasamtakanna að þeim. SH létu af forystu í LHSS yfir til SSV.

### 4. Frá Sambandi ísl. sveitarfélaga .

4/1 Fundargerð stjórnar 767. fundar 24. sept 2009.

Liðir 2-9-og 12 ræddir.

Varðandi lið 9. um samræmdar aðgerðir við endurfjármögnun lána sveitarfélaga: *Stjórn SSA tekur undir og styður að stjórn Sambandsins og Lánasjóður sveitarfélaga í samstarfi við ríkisvaldið leiti leiða til að létta á þeim fjárhagsvanda sem mörg sveitarfélög standa frammi fyrir nú um stundir.*

4/2 Fundargerð með form. og framkvæmdastjórum LHSS 2. okt. sl.

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir annars ítarlega fundargerð. Svæðaskipting sóknaráætlaunar , hlutverk landshlutasamtakanna í sóknaráætlun og samþykkt aðalf. SSA um eitt sveitarfélag voru atriði sem þar voru til umræðu.

4/3 Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 1.-2. okt. sl.

Formaður sagði að Austfirðingar að vanda hafi mætt vel. Dagskráin var talin góð . Hann og fleiri nýti oft tímann í suðurferðinni til að sinna brýnum erindum öðrum s.s fyrir SSA og sveitarfélögin. Það getur á stundum þýtt slakari viðveru á ráðstefnunni sem ekki er gott.

4/4 Vegvísir: Hagstjórnarsamningur ríkis og sveitarfélaga. 01.10.09

Lagt fram.

4/4 Skólaþing sveitarfélaga 2. nóv. 2009

Lagt fram.

### 5. Samþykktir aðalfundar SSA 25.-26. sept 2009 .

5/1 (Sendar á stjórnarmenn í tölvupósti 28. sept sl. )

Formaður sagði að samþykktunum hafi verið komið á framfæri til viðkomandi aðila og stofnana eins og venja hefur verið til Hann ásamt framkvæmdastjóra hefur síðan fylgt þeim eftir t.d í samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti-iðnaðarráðuneyti – og við þingmenn norð-austur.

5/2 Starfshópar SSA verkefnaskil á 43. aðalfundi SSA .

Framkvæmdastjóri fór yfir fyrirbyggjandi bréf til aðildarsveitarfélaga SSA 7. okt. sl þar sem eftirfarandi starfshópar SSA, sem kynntu verkefni á 43. aðalfundi SSA, skila af sér verkefnum sínum til sveitarfélaganna.

- *Eftirfylgnisteymi SSA : Stefna í málefnum nýrra íbúa á Austurlandi :*  
Nú geta sveitarfélögin á grunni stefnunnar sem þau þurfa að taka til umfjöllunar hjá sér gengið í að gera sínar aðgerðaráætlanir.
- *Starfshópur : Lausnir á meðferð og úrvinnslu úrgangs á Austurlandi:*  
Sveitarfélögin munu nú í framhaldinu vinna áfram með verkefnið með vísan til niðurstöðu starfshópsins ( liðir 2-12)

*Stjórn SSA þakkar starfshópunum fyrir vel unnin störf og hvetur sveitarfélögin til að fylgja nú vel eftir verkefnunum heima fyrir.*

#### **6. Austurland eitt sveitarfélag : Undirbúningur. Starfshópur.**

Tillaga samstarfsnefndar sem samþykkt var á 43. aðalf. SSA

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25. - 26. september 2009, samþykkir að fela stjórn SSA að skipa starfshóp sem hafi það meginverkefni að fjalla um hugsanlega sameiningu sveitarfélaganna á starfssvæði SSA í eitt sveitarfélag.

Hópnunum er falið eftirfarandi:

- ✓ að gera tillögur að stjórnkerfi nýs sameinaðs sveitarfélags
- ✓ að leita eftir samvinnu við ráðuneyti samgöngu- og sveitarstjórnarmála um mögulega sameiningu
- ✓ að kanna vilja ríkisvaldsins til sameiginlegrar stefnumörkunar um opinberar framkvæmdir og verkaskiptingu slíks sveitarfélags og ríkisvaldsins
- ✓ að fjalla um þau áhrif sem tilkoma hins nýja sveitarfélags hefði í för með sér fyrir austfirskt samfélag með sérstakri áherslu á þau tækifæri sem sköpuðust

Hér er um að ræða ótvírætt tímamótaverkefni, sem ekki á sér hliðstæðu á Íslandi. Því er mikilvægt að allir sem að því koma standi að því af metnaði og með vönduðum hætti. (tiv. lýkur)

Framkvæmdastjóri sagði frá því að eftir viðtal hans og formanns við samgönguráðherra Kristján Möller á fjármálaráðstefnunni 1. okt. sl. þar sem þeir óskuðu eftir samstarfi við ráðherrann og ráðuneyti hans við verkefni samþykktarinnar fór hann til fundar við ráðherra og Hermann Sæmundsson skrifstofustjóra í sveitarstjórnarráðuneytinu 14. okt. sl. Fór hann yfir fyrirbyggjandi Minnisblað Þ.J. frá 14. okt 2009, þar sem fram kemur að ráðuneytið þakkar sveitarstjórnarmönnum á Austurlandi fyrir tímamóta samþykkt og heitir stuðningi ráðuneytisins við verkefnið. Hermann er settur sem aðal-tengiliður ráðuneytisins en aðrir sem sátu fundinn voru Stefanía Traustadóttir sérfræðingur og Sigurður T. Björgvinsson ráðgjafi. Sótt hefur verið um framlag til verkefnisins í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Stefnt er á fund í ráðuneytinu nk. fimmtudag til að leggja frekari línur um samstarfið og í framhaldi af honum skipan starfshópsins.

Í umræðum stjórnarmanna kom fram að allnokkuð hafi borið á efasemdum heima fyrir varðandi verkefnið “Austurland eitt sveitarfélag” Því er nauðsynlegt að rasa ekki um ráð fram, undirbúa og kynna verkefnið vel strax í upphafi til að loka-markmiðið náist. Eftirfarandi þarf að hafa í huga :

A: Vegna sérstöðu verkefnisins og væntinga sem við það eru bundnar þarf að vanda mjög vel allan undirbúning og aðgerðaráætlun þarf að vera skýr og raunhæf.

Verkefnið fái framlag úr jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sem tilraunaverkefni.

B: Verkefnið verði “sjálfstætt verkefni” SSA og Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytisins, en njóti stuðnings og samstarfs þar sem það á við t.d í 20/20 Sóknaráætlun landshluta.

C: Kynna þarf vel verkefnið í upphafi, þ.e. kosti –galla- markmið, leiðina og tímasetningar að lokamarkmiðinu. Eyða þeim misskilningi sem víða virðist vera uppi að verkefnið eigi að keyra í gegn með miklum hraði.

D: Æskilega tímasetning lokamarkmiðs er 2014 og að jafnvel þurfi að taka tvo áfanga á leiðinni. Starfshópurinn á að skila tillögum sínum til aðalfundar SSA sept 2010. Vinna með tillögurnar og útfæra 2011-2012. ??

E: Jákvæð aðkoma ríkisvaldsins að stefnumörkun t.d um opinberar framkvæmdir, verkaskiptingu og annan stuðning við verkefnið er lykilatriði.

F: Sveitarfélögin 8 eigi öll fulltrúa í starfshópnum. Starfshópurinn skipi úr sínum röðum framkvæmdastjórn.

G: Sveitarstjórnarmenn og aðrir sem að verkefninu koma þurfa að vera jákvæðir, trú á loka-markmiðið. Ekki tala verkefnið niður.

## 7. Önnur stór - verkefni SSA: 2009-210

7/1 Framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA.

Tillaga samstarfsnefndar á 43. aðalfundi SSA

43. aðalfundur SSA, haldinn á Seyðisfirði 25.-26. september 2009, samþykkir tillögur starfshóps SSA sem fram koma í skýrslu um framtíðarskipulag samstarfs sveitarfélaga í SSA. Á grundvelli tillagnanna verði:

- ✓ farið í skoðun á samstarfsmöguleikum SSA og stoðstofnana með það að markmiði að ná megi hagræðingu í starfseminni, koma í veg fyrir skörun verkefna, nýta sem best auðlindir og krafta, einfalda stjórnsýslu og bæta aðgengi notenda að þjónustunni.
- ✓ skipaður starfshópur af stjórn SSA til að hafa umsjón með undirbúningi og framkvæmd þessarar vinnu. Framkvæmdastjóri vinni með starfshópi.
- ✓ samráð haft við fulltrúa stoðstofnana og eigendur þeirra (s.s. ríkið) við mótun sameiginlegra tillagna um framtíðarskipan viðkomandi starfsemi.
- ✓ endanlegar tillögur starfshópsins teknar til umræðu og afgreiddar á aukaaðalfundi SSA sem haldinn verði eigi síðar en fyrrihluta marsmánaðar 2010.

Framkvæmdastjóri hefur í samráði við formann unnið við að skoða með hvaða hætti SSA geti best náð fram því markmiði samþykktarinnar að tillögur liggi fyrir um miðjan mars nk. eða eftir fjóra til fimm mánuð. Tímaramminn er mjög þröngur en helgast af því að nauðsynlegt er að klára verkefnið tímanlega fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í maí. nk.

Leggur hann því til að starfshópur sá sem skilaði verkefninu til aðalfundarins klári það, að viðbættum tveim fulltrúum frá stoðstofnunum. Leitað verði eftir áframhaldandi ráðgjöf hjá Björgu Ágústsdóttir ALTA eh.f. Upplýst er á fundinum að Soffía Lárusdóttir sem var í starfshópnum óskar eftir því að taka ekki sæti í honum áfram, m.a. vegna anna í öðrum nefndarstörfum er tengjast sveitarfélögum. *Eftir ágætar umræður stjórnar var samþykkt að starfshópin skipi Bj. Hafþór Guðmundsson formaður, Smári Geirsson, Fljótsdalshérað tilnefni fulltrúa í stað Soffíu Lárusdóttur. Stoðstofnanirnar 5 skipi 2 fulltrúa í starfshópin. Framkvæmdastjóra falið að leita eftir tilnefningum frá stoðstofnunum.*

*7/2 Undirbúningur flutnings þjónustu við fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga.*

Tillaga frá 43. aðalfundi SSA

*Flutningur á þjónustu frá ríkisvaldi.*

43. aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 25. – 26. September 2009 felur stjórn SSA að skipa nefnd sem undirbýr flutning þjónustu við fatlaða frá ríkisvaldi til sveitarfélaga, sem áætlaður er 1. janúar 2011. **Nefndina skipi 5 fulltrúar, fjórir frá sveitarfélögum og einn frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Austurlandi.**

Framkvæmdastjóri SSA og fulltrúar félagsþjónustunar á Austurlandi starfi með nefndinni. Hlutverk nefndarinnar verði að gera tillögu til sveitarfélaga á Austurlandi um þjónustusvæði, markmið og samþættingu þjónustunar sem og kostnaðargreiningu

Skipan starfshóps SSA

Starfshópnum er ætlað að skila tillögum sínum í síðasta lagi til 44. aðalfundar SSA á næsta ári. *Stjórn SSA felur framkvæmdastjóra að rita aðildarsveitarfélögum bréf og óska eftir tilnefningum og einnig Svæðiskrifstofu málefna fatlaðra.*

*Tilnefningar liggi fyrir næsta fundi stjórnar SSA í des. nk.*

*7/3 20/20 Sóknaráætlun landshluta : Austurlandsáætlun.*

Svæðaskipting Sóknaráætlunar .

Fyrir liggur að starfssvæði SSA / Austurland verður eitt svæði sóknaráætlunar. Svæðin eru alls 7. Suðurnesin fylgja Stór Höfuðborgarsvæðinu einnig verða Árborgarsvæðið í suðri og Akranes /Borgarnessvæðið í norðri talið eitt atvinnusvæði með höfuðborgarsvæðinu.

Hlutverk landshlutasamtakanna í Sóknaráætlun.

Landshlutasamtökunum er ætlað að vera tengiliður við 20/20 Sóknaráætlun

,skipuleggja og bera ábyrgð á samskiptum við hagsmuna aðila á svæðinu.

Landshlutasamtök sjá um gagnaöflun á hverju svæði. Þegar gagnaöflun liggur fyrir verða vinnustofur á hverju svæði , undir handleiðslu ráðgjafa ,þar sem m.a ræddir verða stefnumótandi valkostir

Framkvæmdastjóri upplýsti að hann ásamt öðrum framkvæmdastjórum landshlutasamtaka hafi verið boðaður á fund stýrihóps Sóknaráætlunar í forsætisráðuneytið 21. okt. sl. Þar var óskað eftir því að framkvæmdastjórnarnir verði í verkefnahópi um sóknaráætlun og farið var yfir hlutverk landshlutasamtakann í verkefninu. Fram kom að ekki kemur til fjármagn vegna verkefnisins og þær stoðstofnanir sem leita þurfi til um vinnuframlag í landshlutunum ( Landshlutasamtök- Byggðastofnun-Atvinnuþróunarfélög-Nysköpunarmiðstöð o.fl. ) eigi að gera það án endurgjalds. Formaður Stýrihóps DBE mun skrifa bréf til ráðuneyta þar sem óskað er eftir því að allar undirstofnanir leggi til vinnu og aðstöðu án endurgjalds. ´

Á stuttum fundi framkvæmdastjóra LHSS að loknum fundi stýrihópsins komu fram efasemdir um að undirstofnanir eins og Atvinnuþróunarfélögin á landsbyggðinni , sem framkvæmdastjórnir munu leita mikið til, hafi starfs krafta og eða fjármuni til að taka að sér þessa vinnu án endurgjalds. Þarf að skoðast í framhaldinu.

### **8. Aukaframlag Jöfnunarsjóðs 2009.**

8/1 Reglur um ráðstöfun 1.000 milljóna aukaframlags .

Lagt fram.

8/2 Skipting aukaframlags til sveitarfélaga.

5 aðildarsveitarfélög SSA fengu alls 63.8 milljónir. Hæst Vopnafjörður 19.4 millj. lægst Fljótsdalshérað 5.7 millj. Nefna má að Reykjanesbær fékk 64.0 -Norður -Þing 70.8 Akureyri 63.0 og Hornafjörður 61.0 millj.

### **9. Atvinnuleysi á Austurlandi : Staðan á vinnumarkaðnum.**

Upplýsingar frá Vinnuálastofnun .

Alls eru í atvinnuleit skráðir 222. 85 karlar og 137 konur. Flestir á Fljótsdalshéraði 77. Atvinnuleysið er tæp 3% og má búast við að það aukist er nær dregur áramótin. Upplýst er ( Þ.J.) að Vinnumarkaðsráð Austurlands í samvinnu við t.d. Þekkingarnet Austurlands og Afl starfgreinafélag eru með í gangi námskeið og önnur úrræði fyrir atvinnuleitendu.

### **10 Viðtöl : Pinmenn Norð-austurlands á Austurlandi 28.10.09.**

Framkvæmdastjóri og formaður ræddu samþykktir aðalf og helstu áherslur varðandi fjárlög við þingmenn á Hótel Héraði sl. miðvikudag. Fóru þeir yfir minnisblað og atriðalista. Í umræðum stjórnarmanna kom fram m.a. ánægja með fyrirkomulagið og góða mætingu þingmanna.

### **11. Árgjöld sveitarfélaga til SSA 2010.**

Fyrir liggur útreikningur framkvæmdastjóra á álögd árgjöld aðildarsveitarfélaga til SSA 2010. Farið var yfir álagninguna. Framkvæmdastjóra falið að senda útreiknaða álagning til aðildarsveitarfélaga .

### **12. Önnur mál.**

12/1 Drög að nýjum Vaxtarsamningi Austurlands .

Páll Baldursson form. stjórnar VAXA kynnti drög að vaxtarsamningi sem borist hefur frá Iðnaðaráðuneytinu . Þar er gert ráð fyrir að samningurinn verði gerður beint á milli ráðuneytisins og atvinnuþróunarfélagsins .Sveitarfélögin verða ekki aðilar þar að.

Annað er óljóst s.s upphæð samnings og fl.

*Samþykkt var að framkvæmdastjóri og Guðmundur Ólafsson aðstoði formanninn í lokavinnu samningsins við ráðuneytið.*

Fleira ekki tekið fyrir , formaður sleit því fundi .

Sign : Þorvaldur Jóhannsson

P.S. Að loknum stjórnarfundum hófst aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna 2009.